

1945

4

4

2. gr.

12. jan. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

5

L Ö G

12. jan.

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 20 1944, skulu koma í gildi af nýju 1. janúar 1945 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

6

L Ö G

12. jan.

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. 7. kafli orðist svo:

7. kafli.

Grænmeti, nýtt og þurrkað.

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1 Ælisveppir	1 kg	7	50
2 Tómiötur	—	7	10
3 Laukur	—	7	10
4 Kartöflur	50 kg	200	

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	6 12. jan.
Belgávextir, ót. a.:				
5 — nýir	1 kg		8	
6 — þurrkaðir	—		8	
Grænmeti annað, ót. a.:				
7 — nýtt	—	7	10	
8 — þurrkað	—	7	10	
2. Í stað nr. 36—39 í 8. kafla komi:				
36 Hnetur, einnig muldar, ót. a.	—	7	10	
3. Nr. 15 í 11. kafla orðist svo:				
15 Kartöflumjöl og maíssterkja			8	
4. Í stað orðsins „kopra“ í fyrirsögninni að 12. kafla komi orðin: oliufræ, oliurík aldin.				
5. Nr. 8 í 12. kafla orðist svo:				
8 Oliufræ og oliurík aldin, einnig mulin			8	
6. Nr. 3 í 15. kafla orðist svo:				
3 — óleómargaríni	—	2	8	
7. Nr. 26 í 15. kafla orðist svo:				
26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.	—	7	15	
8. Nr. 11 í 17. kafla falli niður.				
9. Nr. 18 í 17. kafla orðist svo:				
18 Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	—	420	35	
10. Nr. 9 í 21. kafla orðist svo:				
9 Litað sykurvatt með kjörnum	—	7	50	
11. Í stað orðanna „ekki greiða verðtoll“ í athugasemd við nr. 5 í 28. kafla komi: hvorki greiða vörumagnstoll né verðtoll.				
12. Nr. 13 í 28. kafla orðist svo:				
13 — aðrar	—	7	8	
13. Nr. 25 í 28. kafla orðist svo:				
25 — annað	—	7	8	
14. Nr. 39 í 28. kafla orðist svo:				
39 — önnur ólifræn sölt, ót. a.	—	7	8	
15. Nr. 41 í 28. kafla orðist svo:				
41 — önnur lífræn sölt, ót. a.	—	7	8	
16. Í stað nr. 1—2 í 38. kafla komi:				
Loðskinn:				
1 — óunnin	1 kg	7	30	
2 — unnin, en ósaumuð	—	7	50	
3 Vörur úr loðskinninum	—	20	70	
17. Á eftir orðunum „fura og greni“ í fyrirsögninni að nr. 1—7 í 40. kafla bælist: þar með talinn hemlockviður.				
18. Á eftir nr. 11 í 40. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:				
11a — lindiviður	1 fet ³	10	8	
19. Nr. 38 í 40. kafla orðist svo:				
38 Skósmíðaleistar	1 kg	7	15	
20. Orðin „um frystan fisk til útflutnings“ í nr. 33 í 44. kafla falli niður.				
21. Aftan við nr. 20 í 45. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:				
20a Áprentaður pergamentpappír til fiskumbúða	—		8	

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
6 22. Nr. 38 í 50. kafla orðist svo:			
12. jan. 38 — aðrar, einnig þótt undirlagið sé pappi eða pappir eða án undirlags	—	2	8
23. Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo:			
39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gervipráðum	—	20	40
40 — annars	—	20	30
24. Nr. 2 í 52. kafla orðist svo:			
2 — regnkápur	—	20	50
25. Á eftir nr. 42 í 52. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
43 Aðrar unnar vörur úr vefnaði, ót. a.	—	20	50
26. Nr. 9 í 54. kafla falli niður.			
27. Nr. 1 í 60. kafla orðist svo:			
1 Gler, glerbrot, mulið gler, glerungur og glerull	—	1	8
28. Í stað nr. 16—19 í 60. kafla komi:			
Flöskur, glös, niðursuðuglös, sultukrúkkur, brúsar og önnur þvílík glerilát til umbúða, ót. a.:			
16 — mjólkurflöskur	—	1	2
17 — flöskur og glös (sívöl), ót. a., 1 l eða minni	—	2	8
18 — niðursuðuglös	—	2	8
19 — annað	—	7	15
29. Í stað nr. 9 og 10 í 63. kafla komi:			
9 Vír úr járni og stáli, ót. a.	—	2	8
Aths.: Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
30. Nr. 33 í 63. kafla orðist svo:			
33 — snjókeðjur á bifreiðar	—	2	10
31. Í stað nr. 83 og 84 í 63. kafla komi:			
83 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
32. Nr. 103 í 63. kafla orðist svo:			
103 Skósmíðaleistar	—	7	15
33. Í stað nr. 23 og 24 í 64. kafla komi:			
23 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
34. Í stað nr. 5 og 6 í 65. kafla komi:			
5 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
35. Í stað nr. 9 og 10 í 66. kafla komi:			
9 Búsáhöld, ót. a.	—	7	30
36. Í stað nr. 2 í 71. kafla komi:			
Borðhnífar, gafflar og alls konar skeiðar úr ódýrum málmum:			
2 — með góðmálmshúð	—	7	30
2a — annað	—	7	30
37. Nr. 40 í 73. kafla orðist svo:			
40 — þvottavélar	—	7	10
38. Á eftir nr. 40 í 73. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
40a — hrærivélar	—	7	10
39. Nr. 21 í 77. kafla orðist svo:			
21 — gasmælar og vatnsmælar	—	7	8
40. Nr. 2 í 85. kafla orðist svo:			
2 Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum	1 kg	7	30

Aths. Til góðmálma teljast þó ekki vörur þessar, nema bolurinn og/eða hettan að öllu eða verulegu leyti sé úr góðmálmi.

6
12. jan.

2. gr.

m-liður 2. gr. laganna falli niður, en n-liður verði m-liður.

3. gr.

Á eftir d-lið 3. gr. laganna komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem notaðar eru til litografprentunar.
- f. Meðan heimildin í 8. lið 1. gr. laga nr. 61 29. apríl 1943 er í gildi, að lækka til samræmis tollana eftir nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar.
- g. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af vörum, sem sendar eru hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, eða af vörum, sem settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa, enda komi kostnaður tollstjórnarinnar af eftirlitinu með flutningi varanna og geymslu á þá, sem fá undanþágurnar.
- h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og hampgarn til veiðarfæragerðar. Ráðuneytið getur með reglugerðarákvæðum skilgreint það nánar, hvaða vörur falli undir þessa undanþágu, svo og sett fyriræli til þess að tryggja það, að vörur þessar verði raunverulega notaðar í nefndu skyni.

4. gr.

Síðasta málsgrein 13. gr. laganna orðist svo:

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsvörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð varanna, skal tollstarfsmönnum heimilt, hvort sem er við tollskoðun eða síðar, að fengnum skriflegum úrskurði tollyfirvalds, að athuga verzlunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi tollyfirvalds geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

5. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Um gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tollefirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, er fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda viðtakanda vöruna gegn tryggingu, sbr. 15. gr.
3. Endursendingarskírteini hefur verið gefið út um vöruna samkv. 4. mgr. 31. gr. laga um tollheimtu og tollefirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 29. gr. sömu laga.

6 Nú hefur vara komizt í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollaf-
12. jan. greidd og án leyfis tollyfirvalds, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu að-
flutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu, frá því
varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 11. liður, 31. liður og nr. 2 í 44. lið 1. og 2.
gr. laga nr. 56 4. júlí 1942, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.,
nr. 36—39 í 1. gr. laga nr. 98 16. des. 1943, um sama efni, svo og önnur lagaákvæði,
sem koma í bága við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

7
12. jan.

L Ö G

um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

I.

Um jarðræktarsamþykktir.

1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja sér samþykkt um, að sambandið taki
að sér ákveðnar jarðræktarframkvæmdir á sambandssvæðinu, til þess að greiða fyrir
eflingu jarðræktarinnar og koma til leiðar, að öll heyðflun bænda fari fram á vél-
tæku landi. Jarðræktarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Framræsla.
2. Túnasléttun.
3. Nýrækt.
4. Sléttun engja.

2. gr.

Nú ákveður búnaðarsambandsfundur að koma á jarðræktarsamþykkt fyrir sam-
bandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að jarðræktarsam-
þykkt og senda það formönnum allra hreppabúnaðarféлага innan sambandsins með
tilmælum um, að það verði tekið fyrir á almennum fundi í félaginu, — enn fremur
tilkynningu um, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðal-
fundi sambandsins.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning og hlotið
samþykki meiri hluta hreppabúnaðarféлага á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir
aðalfund sambandsins.

Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæða
atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðar-
félagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.